

Leikskólinn Grænatún



Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2025 – 2026

Efnisyfirlit

1. Formáli.....	3
2. Inngangur	3
3. Skólastarfið/Leiðarljós.....	3
4. Mat á skólastarfi.....	4
Innra mat leikskólans.....	4
Ytra mat.....	5
5. Umbótaáætlun	6
6. Áherslur í starfi leikskólans.....	6
7. Þróunar- og nýbreytnistarf.....	7
8. Foreldrasamstarf	7
Foreldraráð.....	7
Foreldrafélag	7
9. Starfsfólk.....	7
10. Símenntunaráætlun	8
Skipulagsdagar.....	8
11. Aðrar upplýsingar	8
12. Húsnæði og lóð.....	9
Skólaárið 2024 - 2025.....	9
Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026.....	9
13. Öryggismál.....	9
14. Lokaorð.....	9
15. Fylgigögn	9
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun.....	10
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun	12
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2025-2026.....	13
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	14

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Skólaárið 2024-2025 var hefðbundið í Grænatúni og var lögð ríkjandi áhersla á að auka gleði og ánægju í skólastarfinu. Kennarar héldu uppi hefðbundnu skólastarfi og var lögð áfram áhersla á Lubba, Numicon, Vináttuverkefnið okkar um Blæ ásamt könnunarleik á yngstu deildinni. Þetta skólaár var seinna skólaárið í innleiðingarferli okkar til að verða Réttindaskóli UNICEF og urðum við að Réttindaskóla í lok skólaársins. Við vorum með íþróttatíma í salnum okkar með reglulegum hætti sem og á útisvæði. Við unnum að útinámi barnanna og lögðum áherslu á útiveru í starfi okkar. Einnig voru byggðar upp stundir með slökun og jóga.

Skólastarf 2025-2026 fer vel af stað og hlökkum við til komandi skólaárs. Það hefur gengið nokkuð vel að manna starfsmannaflotann og lítum við björtum augum á veturinn. Við munum halda áfram okkar góða starfi með okkar áherslum og byggja áfram okkar góða starf með aukinni þátttöku nemenda í mati á starfi skólans.

3. Skólastarfið/Leiðarljós

Leikskólinn Grænatún tekur mið af og vinnur eftir markmiðum þeim sem lög kveða á um. Helstu áherslur skólans í starfi eru virkt nám barnsins, að barnið læri með því að framkvæma og gera tilraunir sjálf „Learning by doing“ John Dewey. Dewey lagði áherslu á að virkja hina miklu athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess. Dewey taldi að barnið ætti að læra af eigin reynslu, virkni og áhuga og samkvæmt kenningum John Dewey á barnið ávallt að vera í brennidepli. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, hann er kennsluaðferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Í bernsku er það að leika sér það sama og að læra og afla sér þekkingar. Hinn frjálsi sjálfsprottinn leikur barnsins er talinn „leikur leikjanna“. Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og kærir að leita lausna. Í leik er barnið einbeitt og það er upptekið af augnablikinu. Fjölbætt upplifun elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni.

Hver deild er einnig með sína starfsáætlun sem dýpkar enn frekar á starfi hverrar deildar fyrir sig sem sjá má á heimasíðu skólans.

Einkunnarorð skólans eru „**Leikur og gleði**“.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Grænatúns eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrirfram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Gögn voru unnin úr starfsmannasamtölum sem tekin voru á miðju skólaárinu og voru notuð í vinnslu áætlunarinnar. Einnig var unnið úr listum frá menntasviði sem fylltir voru út um sjálfbærni og vísindi á síðasta skólaári þar sem hver deild ígrundaði störf sín. Öll 3 ára börn í Grænatúni taka EFl að vori og eru niðurstöður tilkynntar foreldrum í foreldraviðtölum í febrúar. Þá fara öll 5 ára börn í Hljóm-2 yfir skólaárið og er foreldrum þeirra einnig tilkynnt niðurstöður í foreldraviðtölum.

Gerð var umbótaáætlun fyrir skólaárið 2024-2025 út frá gögnunum, hana er að finna aftast í þessu skjali í viðauka 1.

Skólaárið 2025-2026 verður lögð áhersla á læsi og samskipti í innra mati.

Matsþættir	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x		x
Faglegt samstarf	x		x	x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra	x	x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknunum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Skólapúlsinn meðal starfsmanna var framkvæmd um vor 2025 og voru niðurstöður nokkuð góðar. Lögð hefur verið áhersla á að vinna með starfsandann síðustu ár og er greinilegt að það sé mikilvægur þáttur í skólastarfi sem þarf að vinna með áfram. Skólapúlsinn meðal foreldra fór einnig fram vorið 2025 og voru niðurstöður heilt yfir mjög góðar. Foreldrar ánægðir með starfið og að börnunum sínum líði vel í leikskólanum. Það sem koma einnig fram er að það megi bæta

upplýsingaflæði til foreldra og þá líka þegar vel gengur, dagleg endurgjöf í almennu spjalli og fleiri myndir af starfinu yfir daginn.

Eldvarnaeftirlitið kom í eftirlit í leikskólann á skólaárinu og var brunakerfið endurnýjað í kjölfar þess.

Skólaárið 2025-2026 verður framkvæmd vinnustaðagreining ásamt því að lögð verður fyrir foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins.

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Grænatúni er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

6. Áherslur í starfi leikskólans

Áherslur komandi skólaárs verður að halda áfram því góða starfi sem verið er að vinna með nú þegar. Skessudeild byrjaði að vinna með Lausnahringinn á síðasta skólaári og mun halda því áfram á þessu skólaári. Hugmyndin á bakvið Lausnahringinn er fengin frá Uppeldisstefnunni Jákvaðum aga og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en Lausnahringurinn kennir börnunum að setja mörk í samskiptum. Grænatún varð Réttindaskóli UNICEF í júní 2025 og munum við vinna í því á komandi skólaári að viðhalda þeirri nafnbót og festa verkefnið í sessi innan skólans enn frekar.

Skólanámskrá Grænatúns var endurskoðuð fyrir skólaárið þar sem vel gekk að endurskoða hana út frá nýjum áherslum Aðalnámskrá leikskóla. Á skólaárinu verður síðan unnið að læsisstefnu leikskólans m.a. út frá þróunarverkefninu „Læsi er meira en stafa staut“ sem leikskólinn tók þátt í 2019 og hefur verið að vinna með aðferðir úr því verkefni síðan.

Innleiðing Hæfniramma í íslensku fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn hófst á síðasta skólaári. Hæfnirammarnir eru matslistar fyrir fjöltyngd börn og munum við halda áfram innleiðingu á þeim á þessu skólaári. Þá munu kennarar fylla listana út fyrir öll fjöltyngd börn sem þurfa á því að halda.

Starfsfólk fékk endurtekna fræðslu um farsældarlögin í upphaf skólaársins til að allt starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi þeirra. Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni. Lögin eiga að tryggja að börn og foreldrar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Tengiliður farsældar í Grænatúni er Elísa Björg Benediktsdóttir.

Í skólanum er starfrækt lausnar-teymi sem að stjórnendur sitja í ásamt deildarstjóra þess barn sem við kemur. Lausnar-teymið fundar með reglulegum hætti en þar er unnið að lausnum til að styðja við börn sem þurfa á því að halda og fjölskyldur þeirra.

7. Próunar- og nýbreytnistarf

Við urðum Réttindaskóli UNICEF í júní 2025 (e. Child Right Schools) sem er hugmyndafræði og hagnýtt verkefni fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálanum eins og hann er iðulega nefndur, og miðar við að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda.

Markmið réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum okkar að vera gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Teymi í skólanum er virkt með reglulegum fundum og framkvæmdum og endurmati haldið við. Þrátt fyrir að skólinn sé orðinn Réttindaskóli mun áframhaldandi vinna vera virk þetta skólaárið aðgerðaráætlun unnin og ýmis verkefni framkvæmd í kjölfarið til þess að viðhalda nafnbótinni.

8. Foreldrasamstarf

Í leikskólanum Grænatúni er mikil áhersla lögð á góða samvinnu við heimili barnanna. Góð samvinna foreldra/forsjáraðila og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl í leikskólanum og góðri líðan barnsins. Samvinna foreldra/forsjáraðila og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Við hvetjum foreldra/forsjáraðila til að taka þátt í því samstarfi sem er í boði hverju sinni. Foreldrar/forsjáraðilar eru ávallt velkomnir í leikskólann og velkomið taka þátt í starfinu.

Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og fundar reglulega einu sinni í mánuði. Í því sitja 2-3 foreldrar ásamt skólastjóra. Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans. Það er kosið í foreldraráð á foreldrafundi á haustin og kemur fram á heimasíðu leikskólans hverjir sitja í því. Foreldraráð kemur að faglegu starfi leikskólans, les meðal annars yfir árlega starfsáætlun og skrifar umsögn.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Foreldrafélagið fundar einu sinni til tvisvar á önn en að öðru leyti fara samskiptin að mestu leyti fram í gegnum lokaðan fésbókarhóp. Kosið er í foreldrafélag á foreldrafundi á haustin og er tilgreint hverjir sitja í félaginu á heimasíðu leikskólans.

9. Starfsfólk

Í Grænatúni er gert ráð fyrir 9,63 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 40% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 1,62 stöðugildi í eldhúsi. Að auki er 5,6 starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Síðasta starfsár voru 19,42 stöðugildi, en þar af 2,17 stöðugildi vegna sérkennslu.

Leikskólaárið 2025-2026 munu starfa í Grænatúni auk stjórnenda, 4 leikskólakennarar með deildarstjórn, 1 leikskólakennarar, 1 sérkennslustjóri með leikskólakennari með

master, 4 háskólamenntað starfsfólk, 1 leikskólaliði, 10 leiðbeinendur og flestir með áratugareynslu af leikskólastarfi, 1 matráður og 1 aðstoðarmatráður.

10. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórtíu hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn til leikskólanefndar ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

Sótt verður um sjötta skipulagsdaginn þar sem áætlað er að fara í námsferð vorið 2026.

1. **Mánudagurinn 15. september** – Deildarfundir til að skipuleggja veturinn ásamt fyrirlestrum um Farsældarlögin og fæðuinntökuvanda
2. **Miðvikudaginn 12. nóvember** – Fenginn fyrirlestur um ofbeldi í skólum ásamt deildarfundum
3. **Föstudagurinn 16. janúar** – Skyndihjálpi ásamt starfsmannafundum
4. **Þriðjudaginn 10. mars** – Endurmat og umbætur
5. **Föstudaginn 15. maí** - Verður farið í námsferð til Lloret de Mar
6. **Miðvikudagurinn 13.maí** - Verður farið í námsferð til Lloret de Mar (auka skipulagsdagur vegna námsferðar).

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau t.a.m. kraganámskeiðin og námskeið á Fræðslutorgi Kópavogsbæjar. Starfsfólk er hvatt til að sækja öll þau námskeið sem þar eru að finna.

11. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna í árgöngum

2020	18 börn
2021	15 barn
2022	16 börn
2023	13 börn
2024	1 barn

Samtals 63 nemendur

Sérkennsla 3,5 stöðugildi og fjöldi fjöltyngdra barna eru nú 20 talsins og þar af leiðandi er skólinn komin í yfir 30% í tvítyngdum börnum.

12. Húsnæði og lóð

Skólaárið 2024 - 2025

Á skólaárinu var dúkalagt Trölladeild, deildin var máluð, löguð hurð á nemendasalerni og inn á deildinni og endurnýjaðar hillur á deildinni. Klæðning á kafli hússins endurnýjaður. Þvottahús var tekið í gegn. Endurnýjað brunakerfið í lok septembermánaðar 2025.

Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026

Innanhúss:

- Fá stóla og borð á allar deildar.
- Klára að dúkaleggja Skessudeild.
- Mála leikskólann að innan.
- Endurnýja korktöflur inn á deildum.

Utanhúss:

- Þarf að endurskipuleggja náttúrusvæði á efra svæði leikskólalóðar.
- Laga aðgengi þeirra sem koma með vörur í eldhús. Koma því helst við utan lóðar.
- Loka hliði endanlega til hliðar við hús Trölladeildarmegin.

13. Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Öryggisnefnd: Bryndís, Elísa, Inga og Jóna

Öryggistrúnaðarmaður: Ingibjörg Erna Sigurðardóttir og Bryndís Árnadóttir Waage

Öryggisverðir: Jóna Kristín Gunnlaugsdóttir og Elísa Björg Benediktsdóttir

Áfallaráð: Jóna Kristín Gunnlaugsdóttir, Elísa Björg Benediktsdóttir og Þórunn Jóhannsdóttir.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

Á skólaárinu 2024-2025 voru 4 atvik skráð, flest atvikin voru minniháttar sem gætu þó haft eftiráhrif og eitt atvik fótbrot. Við teljum að hér þurfi að gera bót á. Þessi tala er ekki alveg í samræmi við raunverulegt hlutfall og því teljum við að efla þurfi slysaskráningar. Oft virðist erfitt að greina hvar mörkin liggja við skráningu sem þarf að skerpa á, innan veggja skólans.

14. Lokaorð

Komandi skólaár 2025-2026 verður fjölbreytt og spennandi með ákveðnum starfsmannabreytingum, áframhaldandi vinnu á Réttindaskóla UNICEF, áframhaldandi vinnu á okkar áherslum og gildum, Lausnahringnum, könnunarleik, útinámi, Lubba, Blær og Numicon svo fátt sé nefnt. Ásamt því að vinna úr umbótaáætluninni yfir skólaárið.

15. Fylgigögn

- Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun
- Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun
- Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal
- Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Leggja fyrir Efi-2 skimun fyrir viðeigandi aldur	Stefna sveitarfélags	Fleiri á réttindanámskeið	2025/2026	Sérkennslustjóri	Öll börn fá niðurstöðu og unnið með hana	2 farið á réttindanámskeið, fyrirlagnir í réttum farvegi
UNICEF	Endurmat	Aðgerðaráætlun unnin fyrir endurmat	2025/2026	UNICEF teymið	Símenntunaráætlun	Unnin haust 2025 – skilað í byrjun árs 2026
Hindranir í þátttöku í símenntun	Sjálfsmat deilda	Starfsmannasamtöl taki á þessu	Vor 2026	Stjórnendur	Símenntunaráætlun	Spurt um símenntun í stuttum vor samtölum, farið yfir möguleika, grunnur til að símenntunaráætlun fyrir næsta skólaár
Börn verði þátttakendur í að búa til samskipta og umgengnisreglur; samræma milli deilda		Umræður inn á deildum Stofna umræðuhópa barna og vinna útfra niðurstöðum þeirra.	2025/2026	Deildarstjórar	Reglur útgefnar	Fara í gang í október
Börn hafi raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins		Réttindaráð kemur saman og vinnur að umgerð „Okkar leikskóli“ – Hugmyndakassar festir í sess	2025/2026	UNICEF teymið og starfsfólk Skessudeildar	Breytingar sem rekja má til innleggs barna	Virkt Réttindaráð hjá elstu börnum á Skessudeild – Virkir hugmyndakassar verða á öllum deildum fyrir lok skólaársins
Börn komi að mati á leikskólastarfinu		Komi inn í matsteymi, halda áfram að þróa form fyrir mat eldri barna – Öryggiskönnun að vori	2025/2026	Matsteymi og UNICEF teymi	Öryggiskönnun send heim, unnið úr gögnum	Öryggiskönnun send heim að vori
Hljóðvist í húsnaði		Skoða lausnir eins og mottur, gluggatjöld, skilrúm, hópaskipting í rýmum, bolta undir stóla	Haust 2025	Skólastjórnendur	Starfsfólk endurmeti hljóðvist ár hvert.	Motta á kubbatorg, tilraun með plastdúka, áhersla á hópaskiptingu og nýtingu rýma á öðrum deildum fyrir hópa

Starfsmannasamtöl regluleg yfir árið		Stjórnendur taki frá tíma, kynni fyrir starfsfólki til að skapa pressu	Vor 2026	Skólastjórnendur	Allt starfsfólk hafi fengið samtal.	Samtöl að vori ár hvert.
Atvika skráning		Farið yfir atvikaskráningar sl. árs sem voru ekki í samræmi við raunveruleikann og því verður gert átak í skráningum skólaárið 2025-2026	2025/2026	Skólastjórnendur og deildarstjórar	Að allir skrái samviskusamlega inn í atvikaskráningu og við sjáum raunverulegar tölur í lok skólaárs	
Starfsmannafundur verði fleiri yfir árið		Ræða markmið, skoða þróun fagfunda í öðrum leikskólum.	2025/2026	Stjórnendateymi	Tillögur um innihald og fjölda liggi fyrir.	Áætlun er í vinnslu.
Vinna að jákvæðum og styðjandi starfsanda, upplifun á mikilvægi starfs		Hrósa, miðla upplýsingum, deila ábyrgð. Hópefli, uppákomur í daglegu starfi o.s.frv.	2025/2026	Stjórnendateymi	Könnun til starfsfólks mars 2025; vinna úr niðurstöðum	Jákvæð sálfræði nýtt – hópefli á starfsdegi
Námsleiðir henti vel þörfum og færni hvers barns; markvissara mat á framförum barna.		Markvissar umræður á deildum, nái til alls starfsfólks, skoða tæki til að hafa yfirsýn fyrir hvert og eitt barn og þeirra námsleiðir.	2025/2026	Deildarstjórar með sérkennslustjóra	Sjálfsmat deilda, fjölbreyttari matsform	Er í vinnslu
Vinna markvisst með heimamenningu allra barna		Þemavika verði um heimamenningu	Vor 2026	Umbótagópur	Nýjar áherslur birtist í þemaviku	Breytt – nýtt þema tekið fyrir í þemaviku frá umbótagópi náttúru
Efla skráningar og nýtingu þeirra með fræðslu til starfsfólks		Fá inn fræðslu á skipulagsdegi, deildir setji sér markmið, búi til stundaskrá eða annað skipulag þar sem skráningar fá svigrúm	2025/2026	Umbótagópur	Sjálfsmat deilda, skráningar sýnilegri	Fáum fyrirlestra í formi örfyrirlestra fyrir alla starfsmenn skólans
Efla upplýsingaflæði til foreldra	Út frá ytra mati	Oftar myndir með viðfangsefnum í leikskólanum – allt starfsfólk meðvitað um samtöl við foreldra í lok dags – halda áfram „föstudags“ póstunum	2025/2026	Deildarstjórar	Stefna á vikuleg innlegg t.d.	Í vinnslu

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun						
Pátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tíma fjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í mánuði	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	vor 2026	30 mín pr. starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	1x mánuði	ca 45 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og mentor
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	2 tímar = 4 tímar eftir vinnu. Starfsmannafundir	Unnið í yfirvinnu	Leikskólastjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	1 x á önn	3 tímar x2 = 6 tímar	Unnið í yfirvinnu	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Almenn fræðsla og endurmenntun sjá nánar dagskrá skipulagsdaga			Unnið á vinnutíma, starfsmaður velferðarsviðs	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Aðalfundur foreldrafélagsins	Kynning á straumum og stefnum skólans	Miðjan september	2 tímar		Leikskólastjóri
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	1 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2025-2026

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla:

Grænatún

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F Sumarlökun	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F Nýársdagur	1 S	1 S	1 M Páskalökun Skráningardagur	1 F Verkalyðsdagurinn	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F Jólalökun Skráningardagur	2 M	2 M	2 F Skirdagur	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F Flæði	3 M Vínavika	3 M Helgileikur Skessudeild	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Fóstudagurinn langi	3 S	3 M	3 F
4 M Frídagur verslunarmanna	4 F	4 L	4 Þ	4 F Helgileikur Tróta/Dverga	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 Þ Sumarlökun	5 F Flæði	5 S	5 M	5 F Flæði	5 M Ljós- og skuggavika	5 F	5 F	5 S Páskadagur	5 Þ	5 F	5 S
6 M Sumarlökun	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F Dagur leikskólans Flæði	6 F Flæði	6 M Annar í Páskum	6 M	6 L	6 M
7 F Skólinn opnar kl: 13:00	7 S	7 Þ	7 F Grænn dagur Flæði	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ Skólinn lokar kl: 13:00
8 F	8 M	8 M	8 L Baráttudagur gegn einhelti	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F Flæði	8 M	8 M Sumarlökun
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F Flæði	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F Sumarlökun
10 S	10 M Gulur dagur	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ Skipulagsdagur	10 F Flæði	10 S	10 M Sumarhátíð foreldrafélagsins	10 F Sumarlökun
11 M Aftögn hefst	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M Vorhátíð	11 F	11 L
12 Þ	12 F	12 S	12 M Skipulagsdagur	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F Dagur stærðfræðinnar	13 M	13 M Skipulagsdagur*	13 L	13 M Sumarlökun
14 F	14 S	14 Þ	14 F Lestrarátaki lýkur	14 S	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F Uppstigningardagur	14 S	14 Þ Sumarlökun
15 F	15 M Skipulagsdagur	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F Skipulagsdagur	15 M	15 M Sumarlökun
16 L	16 Þ Aðalfundur foreldrafél. Dagur íslenskrar náttúru	16 F	16 S Dagur íslenskrar tungu	16 Þ	16 F Skipulagsdagur	16 M Boludagur	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F Sumarlökun
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L Hátíðardagur	17 Þ	17 Þ Sprengingardagur	17 F	17 S	17 M Lýðveldisdagurinn	17 F Sumarlökun
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M Óskudagur	18 L	18 M	18 F	18 L
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F Vetrarfrí Skráningardagur	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F Dagur mannréttinda barna	20 L	20 Þ	20 F Vetrarfrí Skráningardagur	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M Sumarlökun
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L Alþjóðlegi Downs dagurinn	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ Sumarlökun
22 F	22 M	22 M Bleikur dagur	22 L	22 M	22 F	22 S Konudagur - upphaf Góu	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M Sumarlökun
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ Þortíkemma	23 F Þorrabíót Pabba/afa kaffi	23 M Mömmuömmukaffi	23 M	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ	23 F Sumarlökun
24 S	24 M	24 F Bangadagur	24 M	24 M Aftangadagur jóla	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S Hvítasunnudagur	24 M	24 F Sumarlökun
25 M	25 F	25 L Fyrsti vetrardagur	25 Þ	25 F Jóladagur	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M Annar í Hvítasunnu	25 F	25 L
26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F Annar í jólum	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M Vetrarfrí Skráningardagur	27 F	27 L	27 Þ	27 F Giltrand dagur	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M Sumarlökun
28 F	28 S	28 Þ Vetrarfrí Skráningardagur	28 F Rauður dagur	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F Útskrift elstu barna	28 S	28 Þ Sumarlökun
29 F	29 M	29 M Lestrarátak hefst	29 L	29 M Jólalökun Skráningardagur	29 F		29 S Pámasunnudagur	29 M	29 F	29 M	29 M Sumarlökun
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ Jólalökun Skráningardagur	30 F		Páskalökun Skráningardagur	30 F	30 L	30 Þ	30 F Sumarlökun
31 S		31 F Hrekkjavaka		31 M Gamlaársdagur	31 L		Páskalökun Skráningardagur		31 S		31 F Sumarlökun
Aftögn	Vöðubútur með þátttöku foreldra	Uppbrotisdagur	Vetrar og jólafrí	Aðmennir frídagar	Skipulagsdagur	*Með fyrirvara vegna námsferðar					

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs Grænatúns vegna starfsáætlunar 2025-2026

Foreldraráð hefur farið yfir og samþykkt starfsáætlun Grænatúns fyrir árið 2025-2026 ásamt nýrri skólanámskrá leikskólans.

Mikil ánægja er hjá foreldraráði með störf leikskólans og við fögnum því að skólinn hafi náð hinum flotta árangri að verða réttindaskóli UNICEF í júní. Við höfum mikla trú á því að réttindaverkefnið og gott starf leiksskólans haldi leikskólanum okkar frábærum og geri hann jafnvel enn betri.

Foreldraráð er einnig ánægt með að upplýsingaflæði til foreldra verði eflt, líkt og fram kemur í umbótaáætluninni, enda ekkert mikilvægara fyrir okkur foreldra en að vita hvernig börnum okkar vegnar í skólanum. Jafnframt sýnir umbótaáætlunin að mikill metnaður er fyrir starfi leikskólans, hjá stjórnendum og starfsfólki, því fögnum við.

Við óskum jafnframt eftir því að óskir um viðgerðir og úrbætur á umhverfi/húsnæði Grænatúns sem þarf að ráðast í, verði framkvæmdar af Kópavogsbæ við fyrsta tækifæri.

Starfsáætlunin er skýr og endurspeglar hið góða starf sem fer fram í Grænatúni.

Foreldraráð Grænatúns 2024-2025,
Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir og Anna Sigríður Hafliðadóttir